

Ráðleggingar og viðbrögð vegna gruns um fuglakóleru

- Fuglakólera af völdum *Pasteurella multocida* er bráðsmitandi sjúkdómur sem getur breiðst hratt út í vatnafuglum og öðrum fuglahópum. Vatnafuglar lifa venjulega þétt saman, sérstaklega á varptímabilinu, sem eykur smithættu.
- *P. multocida* getur lifað mislengi í umhverfinu, frá nokkrum dögum til nokkurra mánaða en ekki hefur tekist að sýna fram á að *P. multocida* geti lifað í umhverfi milli ára. Líklegasta ástæða fyrir því að smit komi upp árlega á sama varpsvæði er að einkennalausir smitberar bera með sér smit frá vetrarsvæðum við komu á sitt varpsvæði.
- Fuglar smitast beint á milli fugla og frá menguðu umhverfi.
- Tilgangur aðgerða þar sem fuglakólera kemur upp er að lágmarka og halda niðri smitmagni og útbreiðslu bakteríunnar (*P. multocida*) í umhverfinu, bæði til verndar æðarfuglum og ránfuglum.
- Ráðleggingar (Friend, 1999):
 - Greina sjúkdóminn snemma til að mögulegt sé að bregðast skjótt við. Aðgerðir eru árangursríkastar í upphafi sjúkdómahrinu.
 - Fjarlægja dauða fugla. Afar mikilvægt er að gæta þess að dreifa ekki smiti. Hræ þarf að taka upp á haus svo ekki leki vökvi, sem er fullur af bakteríum, úr koki. Hræ á helst að setja í tvöfaldan plastpoka til að koma í veg fyrir leka. Hræjum skal komið á þar til gerða staði sveitarfélagsins.
 - Við eftirlit á varpsvæðum er hægt að minnka smithættu með því að byrja eftirlit á svæði með heilbrigðum fuglum og enda þar sem dauðsföll eru mest. Forðast skal að ganga til baka nema að undangenginni hreinsun fatnaðar, skófatnaðar, handa og áhalda.
 - Með því að fjarlægja hræ minnka líkur á að ránfuglar smitist og beri smit á önnur svæði. Ránfuglar drepast ekki eins hratt og æðarfuglar, þeir geta verið veikir í nokkra daga eða 1-2 vikur og geta drepist langt frá svæði þar sem þeir smituðust.
 - Eftir aðstæðum má reyna að aðlaga æðarfugla að nýjum og öruggari varpstað.
 - Gagnlegt getur verið að þurrka smituð svæði til að minnka líkur á að bakterían lifi af í umhverfinu eða auka vatnsmagn mikið til að minnka fjölda baktería á einingu og með því draga úr smithættu fyrir fuglana. Þetta skal þó ekki gert nema í samráði við og að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar.
 - Smithætta fyrir fólk er frekar lítil, en ávallt ber að viðhafa góðar eigin smitvarnir þar sem ekki er hægt að útiloka aðra sjúkdóma eins og fuglaflensu sem fólki stafar meiri hætta af.
- Aðgerðir eins og að fæla fugla frá sýktum svæðum og/eða drepa fugla eru mjög umdeildar og þarf að meta sérstaklega áður en til þeirra er gripið. Með því að fæla fugla frá sýktum svæðum leita þeir annarra varpstaða og auka þannig hættu á smitdreifingu. Þetta skal ekki gert nema í samráði við og að fengnu samþykki Náttúrufræðistofnunar.
- Sótthreinsun umhverfis er vafasamt. Aldrei skal grípa til þeirrar aðferðar nema í samráði við og að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar.

Ítarefni

(Friend, 1999). <https://pubs.er.usgs.gov/publication/2001107>